



Áveitan

6. tbl. 14. árgangur. Júní 2020

17. júní í Flóahreppi

Venju samkvæmt bjóða kvenfélögin í Flóahreppi og Umf. Þjótandi til hátíðardagskrár í tilefni 17. júní. Hátíðin fer fram í Einbúa.



Dagskráin hefst kl 13:00 með fánareid og ávarpi fjallkonunnar. Söngur og verðlaunaafhendingar.

Í framhaldi verður hraðmótið í fótbolta á sínum stað fyrir 4.-10. bekk, andlitsmálning, reiptog, fleiri skemmtilegir leikir og uppákomur fyrir unga sem aldna.

Það verður lautarferðarstemming í faðmi nátturunnar og allir koma með sitt nesti.

Fylgist með á Þjótandasíðu á facebook þegar nær dregur. Fjölmennum í Einbúa á þjóðhátíðardaginn og eigum saman góða og hátíðlega stund.

Umf. Þjótandi
Kvenfélögin í Flóahreppi

Sá ég spóa suðrí Flóa 2020

Munið útvistarverkefnið okkar „Sá ég spóa“. Það verður í gangi fram eftir sumri. Leiðarlýsingar í síðustu Áveitu og á facebooksíðu Þjótanda.



Stjórn Þjótanda

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanne Ólafsdóttir	fanneyo80@gmail.com	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	bryndisdalbae@gmail.com	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	halla@floahreppur.is	845-9719
Ellen Bachman Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur

Íbúafundur 11. júní klukkan 20:00

Sveitarstjórn Flóahrepps boðar til íbúafundar fimmtudaginn **11. júní klukkan 20:00 í Þingborg**. Þar mun Eva Magnúsdóttir verkefnisstjóri stefnumótunar Flóahrepps um Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni, fara yfir þá vinnu sem unnin hefur verið með stjórnendum og nefndum í sveitarfélaginu í vetur og leita eftir ábendingum frá íbúum og atvinnurekendum um áherslur.

Stutt innlegg verða auk þess um sjálfbærni og þá mælikvarða sem nýtast við að mæla árangur í hinum ýmsu þjónustuverkefnum sveitarfélagsins.

Þessi fundur verður nánar auglýstur á heimasíðu Flóahrepps og facebooksíðu.

Samgöngubætur í Flóahreppi

Það er gaman að segja frá því að Vegagerðin hefur í auknu mæli beint sjónum að viðhaldi vega í Flóahreppi. Mikill kraftur hefur verið í verktökum Borgarverks í vegagerð á Hamarsvegi og stefnt að lagningu slitlags í júní. Áfram verður unnið að uppbyggingu Súluholtsvegar en óvíst um slitlag á þessu ári. Framkvæmdir standa yfir á Hróarsholtsvegi við uppbyggingu og lagningu á finna efni og eru þær langt komnar.

Á örfáum árum hefur búseta verið fest í 5 íbúðarhúsum á leiðinni af Suðurlandsvegi að Hnausi og eru verktakar að vinna að lagfæringum á vegi til þeirra og að nýju hóteli 360°. Uppbygging nokkurra heimreiða eru á lista ársins 2020 og má þar nefna, heimreiðar að; Læk, Mýrum, Gerðum, Syðra Velli, Hamarskoti, Fljótshólum o.fl. Rétt er að geta þess að nokkrir ábúendur sem hafa komið upplýsingum til Vegagerðarinnar um að þeir séu tilbúnir að greiða sjálfir fyrir slitlagslögn á sína heimreið hafa náð samkomulagi við Vegagerðina um þá framkvæmd. Útfærsla á reiðvegi, samráð við landeigendur og lagning reiðvegar með Hamarsvegi verður í höndum reiðveganefndar Sleipnis. Vegagerðin leggur til framlög inn í verkefnið sem reiðveganefndin vinnur síðan úr. Flóahreppur færir starfsmönnum Vegagerðarinnar og verktökum á vinnusvæðum þakkar fyrir gott samstarf og röklegla framgöngu.

Almannavarnir

Neyðarstigi almannavarna vegna Covid 19 hefur verið aflýst og viðbragðsteyminu okkar og stjórnendum eru hér færðar bestu þakkir fyrir sín störf.

Viðbragðsteymi Flóahrepps og Almannavarna sem skipað var lykilstarfsmönnum sveitarfélagsins og sveitarstjórnarfulltrúum hélt átta fundi á því tímabili sem neyðarstig almannavarna stóð yfir. Allir fundirnir voru haldnir í fjarfundabúnaði nema sá fyrsti. Hlutverk hópsins var að fara yfir fyrirkomulag skólastarfsins og þjónustu Flóahrepps og sjá til þess að gerðar væru allar þær ráðstafanir sem almannavarnir gera kröfu um að allir þjónustuaðilar og íbúar standi saman um að sinna á neyðarstigi. Teymið fékk reglulega upplýsingar frá Almannavörnum Árnassýslu og sóttvarnarlækni ásamt upplýsingum um vinnu þingmanna og SASS á Suðurlandi vegna viðbragða við Covid 19.

Starfsmannasamtöl

Eftir að samkomubanni lauk og „samgangur“ varð meiri milli deilda og stofnana hafa stjórnendur lokið við árleg starfsmannaviðtöl sem hefðu í eðlilegu ári farið fram fyrir á árinu.

Takmarkanir á samkomuhaldi vegna Covid 19 urðu til þess að sveitahátíðinni „Fjör í Flóa“ var frestað til næsta vors en menningarnefnd Flóahrepps undirbýr nú viðburðinn, „Tónahátíð í Flóahreppi“ haustið 2020.

Vinnuskóli Flóahrepps

Vinnuskóli Flóahrepps tekur til starfa 8. júní og starfar til 24. júlí. Mikil skráning er í vinnuskólann og er boðið upp á vinnu fyrir 7. bekkinga tvær vikur í samráði við flokkstjóra. Vinnuskólinn er starfræktur í sjö vikur en hver og einn þarf að taka frí eina viku af þessum sjö í samráði við flokkstjóra. Nánara fyrirkomulag starfsins og hvar starfsmenn eiga að mæta hverja viku fyrir sig verður auglýst á heimasíðu og facebooksíðu sveitarfélagsins og með dreifibréfi til þeirra sem hafa skráð sig í vinnuskólann.

Flokkstjóri vinnuskólans verður Kristín Lilja Sigurjónsdóttir en aðstoðarflokkstjóri verður Ingibjörg Hugrún Jóhannesdóttir. Flokkstjóri í vinnu með ungmennum verður Andrea Björk Olgeirsdóttir. Flóahreppur býður þær ásamt öllum öðrum umsækjendum um þátttöku, velkomnar til starfa.

Yfirumsjón með verkefnum vinnuskólans hefur umsjónarmaður fasteigna Brynjar Jón Stefánsson. Flokkstjórnarnir Kristín Lilja og Andrea hafa umsjón með verkstjórn á vinnustað og samskipti við foreldra varðandi frítöku eða tilkynningar um veikindi.

Sumarlokun skrifstofu

Skrifstofa Flóahrepps verður lokuð í 3 vikur vegna sumarleyfa frá 13. júlí - 31. júlí.

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps

Hér á eftir er grein eftir Valdimar Guðjónsson í Gaulverjabæ um sjóbúðalíf og vertíðir í Flóa. Tveir pistlar um efnið hafa birst á vefmiðlum nýlega, og hér birtist sá síðari:

Sorgin, verkefnin og búðalífið

Ég minntist á um verstöðina á Loftsstöðum að sjóslys hefðu ekki verið mörg gegnum aldir. Það má teljast miðað við mikla sókn á sjó. Mannfjölda og tölu skipa. Þau voru samt staðreynd líkt og allsstaðar kringum landið. Þau stærstu árið 1640 þá fórust 7 menn og aðrir sjö í sjóslysi 1810. Síðasta var 2. apríl 1908. Þá voru fimm skip á sjó, gott veður norðan kaldi og sólskin. Seinnipart fóru snögglega að koma stór ólög. Bátur Jóns Erlendssonar á Eystri – Loftsstöðum lendir í þremur slíkum á leið inn. Það síðasta hvolfir bátnum. Guðmundur í Tungu og hans menn nýlega komnir í land, sjá þetta allt. Samþykktu allir að halda strax út og freista björgunar. „Renndu skipinu á flot á augabragði“ (Páll á Baugsstöðum. Suðri 1970) Tókst við illan leik að bjarga meirihluta áhafnar, þar af tveimur á kili. Þrír létust. Þeir voru frá Galtastöðum, Skógsnesi og Háfi í Holtum. „Mátti nú ekki tæpara standa, að þeir kæmust inn fyrir skerjaklasann, áður en næsta heljar ólag æddi upp að ströndinni“ Taldi Páll þessum fimm mönnum hafa orðið til lífs, hve Guðmundur brást fljótt við og hafði góða menn.

Ef þú ferð með stafrófið kemur a og síðan fylgir b. Á sama hátt má segja þegar bændur og yngri menn fóru á vetrarvertíð fyrir á öldum var varð eitt augljóst. Einhver varð að sjá um búin á meðan. Páll orðar þetta þannig að ...“nútið mun fyrir naumast óra“ hve útróðrar bændanna komu niður á konunum. Þær urðu að taka að sér fænaðarhirðinguna, og þá án efa með börnum sínum sem gátu létt undir.

Í landlegum var margt sér til gamans gert. Söngmenn voru ágætir og stundum mikið sungið. Jafnvel spilað á harmoniku, helst á góðveðurskvöldum þegar út á leið og dag tók að lengja, eða gestir komu. Vel má hugsa sér Skafffellinga og Rangæinga á göngu, eða með hest á leið austur Vellankötlu. Nýkomnir frá kaupmönnum á Eyrarbakka, jafnvel enn pínulítið kenndir eftir ferðina í kaupsstaðinn. Heyra þar óm frá verbúðum í sandinum og kíkja við.

Stundum fóru frískir menn í bændaglímu, höfrungahlaup, ganga á kagga (grútar eða tjörutunnur), ríða til páfans, sækja smér í strokk, rjúfa skjaldborgina og þræða nál á flösku. Drykkjuskapur var ekki mikill, en þó kom það fyrir... „ef menn fóru út á Bakka, að þeir urðu dálítið kátir er heim kom“, að sögn Páls. „...komu þeir þá jafnvel saman í einni búðinni, fóru í krók, bóndabeygju og hryggspennu.“

Halldór Einarsson í Klængsseli var meira en meðalmaður á hæð. Kýttur vel

og samanrekinn, „vel sterkur og afbragsræðari“. Hann var einn af hásetum Jóns í Meðalholtum. Virðist af lýsingum vera ljúfmenni, þó rammur af afli væri. Í hryggspennu varð Jón formaður eitt sinn nokkuð halloka í viðureign. Þá sagði Dóri „ég get ekki séð það með berum augum, að formaðurinn liggji undir“. Lét ekki þar við sitja. Tók hann þá báða upp í einu! Vakti það mikla kátínu. Halldór þessi réri eitt sinn í annari verstöð með öðrum formanni. Sá var nokkuð drykkfelldur og eitt skipti kenndur á sjó. Var samt við stýrið og... „stórveltú brim og lítið um lög“. Leist hásetum ekki á, og vildu að einn af þeim stýrði frekar við þessar aðstæður. Hann neitaði því. Sagðist ekki fara að láta einhvern „strák titt“ stýra undir sér. „Þá sagði Dóri, ef þú ferð ekki frá stýrinu, tek ég þig bara með höndunum mínum.“

Ekki hefur honum þótt Halldór í Klængsseli árennilegur né handleggir hans. Færði hann sig þá hið snarastasta. Hásetinn tók við og allt gekk vel í land. Róður Guðmundar í Tungu og hans manna þann 19. mars 1911 varð að sumu leyti nokkuð táknrænn. Þeir hugðust leggja net og línu um leið. Tíu voru á skipinu. Veður var bjart, norðankaldi brimlítið en dökkur bakki í suðri. Fóru þeir út Tunguós. Réru þeir að Loftsstaðasundi. Stuttu síðar var komið brim. Maður gekk þá í sandinum með veifu, vestur ölduna. Það þýddi að ófært væri orðið sunnið með öllu. Eina í stöðunni nú var að róa alla leið til Þorlákshafnar og freista landingar þar. Tveir breskir togarar voru hinsvegar skammt utan og leist Guðmundi betur á að róa til þeirra. Er þeir voru komnir að honum sem var nær, settu þeir á fulla ferð til hafs! Kaldar kveðjur það. Máttu þeir vel vita og sjá hvernig brimaldan skall orðið á ströndina. Skipverjar gefast ekki upp við það heldur réru að hinum sem var utar. Hann var að toga. Hvort það var þeim til happs eður ei, þá kemur Íslendingur að borðstokknum og kallar til þeirra að bíða. Sá var ættaður frá Sjólyst í Vestmannaeyjum. Er þeir ensku höfðu tekið inn vörpuna, fóru allir um borð og tæmdu bát sinn og afla í togarann. „Englendingarnir fóru vel með gesti sína, létu þá sofa í rúmunum sínum en sváfu sjálfir á bekkjunum.“

Þeir létu reka um nóttina móts við Selvog en sigldu daginn eftir austur á móts við Stokkseyri. Enn brimaði þar illa. Þaðan kom samt Jón Sturlaugsson og sótti alla. Báturinn varð hinsvegar ónýtur aftan í togaranum.

Tímarnir voru að breytast á söndunum. Skipunum fækkaði í takt við breytta tíma. Vélaöld var gengin í garð. Þarna varð þó áfram um skeið hlunnindi og búbot fyrir bændur og búalið með strandlengjunni, samt allt með minna sniði en áður.



Frá Einbúanefnd Þjótanda

Hreinsunardagur

Árlegur hreinsunardagur í Einbúa fer fram mánudagskvöldið 15. júní. Ætlunin er að byrja kl. 20:00. Við munum slá gras, þrifa klósett og skúrinn, yfirfara girðingar og margt fleira sem hægt verður finna. Endilega hafið með ykkur þau áhöld sem þið teljið að gætu komið að notum s.s. sláttuvélar, sláttuorf, hrífur, hamra og annað sem mögulega væri hægt að nota. Og hver veit nema við munum þjóða öllum upp skúffuköku og mjólk/safa að verki loknu.

Einbúi

Einbúanefnd Þjótanda langar til að benda íbúum Flóahrepps á svæði ungmennafélagsins í Oddgeirshólaklettum, Einbúa.

Einbúi er útivistarsvæði í eigu Ungmennafélagsins Þjótanda. Svæðið er staðsett í Oddgeirshólaklettum, er um 2,5 hektrar að stærð, umkringt trjágróðri á alla vegu. Beygt er til hægri þegar komið er upp undir bæ í Oddgeirshólum og síðan aftur til hægri þegar komið er þangað sem vegurinn greinist í tvær áttir.

Í Einbúa er öllum frjálst að koma og eyða þar tíma með fjölskyldu og vinum til lengri eða skemmri tíma. Þarna er hægt að hitta stórfjölskylduna til að fara í leiki eða þá bara njóta kyrrðarinnar í náttúrunni.

Gestir eru beðnir um að ganga um svæðið af vinsemd og virðingu. Skila svæðinu af sér þannig að sómi sé af. Loka hliðum séu þau lokuð þegar að er komið.

Á svæðinu er klósett og rennandi vatn.

Hægt er að fá Einbúa leigðan fyrir sanngjarnt gjald til að tjalda í 1 eða fleiri nætur.

Til að fá afnot af svæðinu er best að senda forsvarsmönnum ungmennafélagsins línu eða hafa samband við Einbúanefnd félagsins.

Það vantar ávallt gott fólk til aðstoðar við umhirðu svæðisins. Til dæmis vantar okkur ábendingar um einhverja sem hafa nef fyrir skógrækt og skipulagi til að aðstoða okkur við að skipuleggja svæðið til framtíðarnotkunar. Ef að þið eða einhverjir sem þið þekkið langar til að koma að því skemmtilega verkefni endilega látið okkur vita.

“Meðhöndlun hinna gleymdu vöðva”

Vöðva- og bandvefsnudd og viðeigandi æfingar með aðferð Dr. Helgu Pohl.

Er með aðstöðu í Miðgarði, Selfossi og í Klettholti við Villingaholtsveg.

**Petra Mazetti
s. 892 1340**

Fyrstuverðlauna klárhesturinn Erró frá Ási 2 verður til afnota á Bollastöðum í Flóahreppi frá miðjum júní.

Hægt er að sjá myndir af honum á Facebook undir Erró frá Ási II

Áhugasamir geta haft samband í síma 898-3883 Ásta eða senda tölvupóst á Ahhestar@gmail.com

Uppskriftarhornið

Takk fyrir áskorunina Vala mín. Ég ætla að kynna ykkur fyrir **góðum gúllasrétti** sem ég fékk uppskrift að fyrir nokkrum árum.

500 gr gúllas, Hurðarbaksgúllasið er best ☺

2-3 rif hvítlaukur, kraminn

250 gr sveppir, gróft skornir

½ búnt steinselja, söxuð smátt

200 ml rjómi

2 msk tómát pasta

2 nautakraftsteningar, salt og pipar

Setið smá olíu á heita pönnu, brúna kjötið og krydda með salti og pipar, bæta við tómátpastanu, bæta við hvítlauknum, steinseljunni og sveppunum og steikja vel. Næst er kjötkrafturinn settur, rjómi og malla í ca 20 mín. (meiri rjómi=meiri sósa) .

Svo er uppáhalds tertan allra í fjölskyldunni en uppskriftin er frá systur minni heitinni, henni Dísu. Þessi verður að vera í öllum afmælum og fermingum.

Bananaterta frá Dísu syss

4 egg

200 gr sykur

100 gr hveiti

40 gr kakó

Þeyta vel egg og sykur, bæta hveiti og kakói úti og jafna vel. Sett í tvö 20 cm form og bakað við 180 st hita þar til bakað. (ég á 24-26 cm form, stækka þá uppskriftina um helming).

A milli fara 4 stappaðir bananar og 250 ml þeyttur rjómi.

Ofan á er glassúr, ca 400 gr flórsykur, 50 gr kakó, vanilludropar, 2 tsk smjörliki og heitt kaffi. Þessi terta er góð hvort sem hún er borin fram samdægurs eða næstu daga.

Verði ykkur að góðu. Ég skora á mína góðu vinkonu Helenu á Skálatjörn að gefa okkur einhverja góða uppskrift.

Gleðilegt sumar kæru sveitungar.

Sólveig Þórðardóttir, Skúflæk II Norðurbæ

Frá íþróttanefnd Umf. Þjótanda:

Leikjakvöld fyrir unglinga

Fyrsta leikjakvöld Þjótanda verður fimmtudaginn 11. júní í Timburhólum klukkan 20-22:00. Þjálfari verður Stefán Narfi. Æfingin er ætluð þeim sem voru í 7. bekk og eldri. Staðsetningar breytast eftir vikum. Frekari upplýsingar er hægt að finna inná facebook síðunni **Leikjakvöld Þjótanda**.

Íþróttæfingar fyrir krakka

Hefðbundnu íþróttæfingarnar fyrir krakka frá 1.-6. bekk (fædd 2008-2013) fara að hefja sinn leik á ný og mun fyrsta æfingin fara fram miðvikudaginn 10. júní. Æfingarnar verða alla miðvikudaga fram eftir sumri í Þjórsárveri frá klukkan 20:00-21:00. Þjálfari verður líkt og undanfarin ár Sunna Skeggjadóttir. Við viljum hvetja alla krakka til að mæta og foreldra að sameina í bíla.

Íþróttamót framundan

Framundan eru tvö frjálsíþróttamót í júní. Vormót HSK fer fram á Selfossvelli þriðjudagskvöldið 9. júní nk. Keppt er í fullorðinsflokki á því móti.

Héraðsleikar og aldursflokkamót HSK fer svo fram í Þorlákshöfn sunnudaginn 14. júní og hefst kl 10.

Mótið er fyrir krakka 14 ára og yngri og verður sendur út tölvupóstur til foreldra þar sem mótið verður nánar kynnt. Vonandi koma sem flestir að keppa þar.

Leikjanámskeið

Nú fer leikjanámskeið Umf. Þjótanda senn að hefjast. Námskeiðið verður dagana 9.-12. júní og 15.-19. júní frá kl. 9:00-11:30. Í beinu framhaldi ætlum við að prófa að hafa boltanámskeið dagana 22.-26. júní frá kl. 9:00-11:30.

Kennt verður á íþróttasvæðinu við Þjórsárver að mestu leiti. Iðkendur mæta með hollt og gott nesti með sér. Námskeiðin eru ætluð börnum fædd árin 2008-2013. Leikjanámskeiðið kostar 6000 kr á barn, en veittur er systkinaafsláttur. Verð fyrir boltanámskeiðið verður 4000 kr á barn.

Ef einhverjir vilja bætast við er hægt að hafa samband á netfangið unnur@floaskoli.is
Hlökkum til að sjá ykkur.

Kær kveðja, Unnur og Örvar

Fréttir frá Krakkaborg

Nú hefur starfið í Krakkaborg færst í hefðbundnar skorður. Hinn frjálsi leikur og skapandi starf alltaf leiðandi í faglegu leikskólastarfinu og nemendur á öllum deildum hafa notið þess að leika sér óhindrað við félagá sína.



Í Krakkaborg er áhersla á að stuðla að skapandi hugsun nemenda og að auka sjálfstraust þeirra. Með skapandi starfi er ekki átt við að nemendur skuli alltaf skapa einhverja gripi eða útbúa eitthvað sérstakt heldur að leikur og listsköpun sé með þeim hætti að hvetji nemendur til að gera sjálf, framkvæma að eigin frumkvæði og að þeir þurfi að hafa fyrir hlutunum, finna lausnir og prufa sig áfram, eiga í samskiptum og samvinnu við úrlausnir og þegar að vel tekst til sé sigurinn þeirra. Hversu dásamlegt er ekki að sjá andlit ljóma upp þegar slaufa tollir, slaufa sem maður batt sjálfur og lekur ekki í sundur þegar maður sleppir reiminni. Hvað ætli maður þurfi að prufa oft áður en hún tollir? Eða þegar maður malar hest af því að maður veit hvernig hestur er og hvaða málningu maður vill nota, hvar hún er geymd og hvernig pensill er líklegur til að virka best. Kannt þú lesandi góður, að mála hest? Hvað þá þegar einhver er leiður af því að bílabrautin virkar ekki en vinur manns kemur með íspinnaspýtur og límband og í sameiningu laga tveir vinir brautina sem svo allir nota í heila viku....kann einhver að mæla sjálfstraustið sem fæst við að laga bílabraut? Svo er hægt að nefna leikskólakennarann sem af einhverjum ástæðum þarf að þurrka sér um augun þegar stúlkan sem aldrei hefur tekið þátt í söngstundum vetrarins er upptekin við að baka drullukökur í bakaríinu með vinkonum sínum og brestur skyndilega í söng og syngur í Hlíðarendakoti, öll erindin á meðan hún rífur niður fíflablöð og potar þeim í fullkominn hring á drullukökuna sína.

Að venju er ýmislegt gert til að auka fjölbreytni í leikskólastarfinu þegar við kveðjum veturinn og sumarfrí nálgast. Hjóladagar voru haldnir á eldri deildum og á yngstu deild mættu nemendur með bolta og bíla þá daga. Nemendur og kennarar eldri deilda hafa farið í menningarferðir og nemendur yngstu deildar munu fara í árlega nestisferð í grennd við skólann í júní þegar vel viðrar. Elstu nemendur eru spenntir og glaðir eftir ánægjulega vorskólaviku í Flóaskóla og bíða spenntir eftir að hefja nám þar næsta haust. Sumarhátíð Krakkaborgar verður á sínum stað með útigrilli og ýmsum leikjum en að þessu sinni án gesta. Vissulega er erfitt að þurfa áfram að vera á varðbergi gegn smiti en við erum stolt af þeirri samstöðu sem hefur ríkt í hópnum okkar þessa erfiðu tíma. Við erum einnig full þakklætis til foreldra og samfélagsins í Flóahreppi og vonumst til að geta haldið Opið hús og veglega Sumarhátíð næsta sumar þar sem allir verða velkomnir.

Staðan í Krakkaborg er góð. Kraftmiklir og yndislegir nemendur á öllum deildum og frábær hópur starfsmanna. Eins og alltaf á sumrin verða einhverjar breytingar í hópnum, nemendur útskrifast, færast á milli deilda, einhverjir flytja og færa sig um set. Við tökum á móti nýjum nemendum og nýju starfsfólki í haust full eftirvæntingar til komandi vetrar.

Megi þið öll njóta sumarsins sem allra best, með sól í hjarta,

nemendur og starfsfólk Krakkaborgar

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Vorfundur félagsins verður haldinn 11. júní kl. 19:00 í Betri stofunni á Hótel Selfoss, súpur, brauð og kaffi á eftir fyrir 1800 kr. á félagi. Vinsamlegast skráið ykkur í kvenfélagsnetfangið, á facebook síðu eða hringið í Ósk (847-3687) fyrir 9. júní (þurfum að láta vita um fjölda).

Dagskrá verður fjölbreytt, förum yfir aðalfund, styrkbeiðnir ofl. Við hlökkum til að sjá ykkur kæru félagar eftir óvenjulega tíma í samfélaginu.

Nýjar konur velkomnar á fundinn,
kveðja, stjórnin

Aðalfundur Búnaðarfélags Hraungerðishrepps
verður haldinn að Stóra-Ármóti mánudaginn 8. júní kl 20:30
Hefðbundin aðalfundarstörf.

Stjórnin

Kæru sveitungar,
likt og undanfarin ár verða
umhverfisverðlaun Flóahrepps
veitt á 17.júní hátíð sveitarfélagsins.

Tilnefningar skulu sendar á netfangið
floahreppur@floahreppur.is
til 10. júní en veitt verða verðlaun fyrir
lögbyli annars vegar og fyrirtæki hins vegar.





Glæsilegur árangur Flóaskóla í Skólahreysti

Nemendur Flóaskóla kepptu í undankeppni Skólahreysti föstudaginn 29. maí en áður hafði undankeppni stöðvaðst vegna Covid-19. Flóaskólakrakkarnir stóðu sig frábærlega í undankeppninni, lentu í 2. sæti og tryggðu sér um leið þátttökurétt í úrslitum þar sem 8 hraustustu skólar landsins öttu kappi.

Laugardaginn 30. maí var svo keppt til úrslita. Nemendur Flóaskóla lögðu allt í þetta og enduðu í 6. sæti í Skólahreysti árið 2020.

Í liði Flóaskóla voru Sigurjón Reynisson, Erlín Katla Hansdóttir, Viðar Hrafn Victorsson og Hanna Dóra Höskuldsdóttir. Þjálfari þeirra er Örvar Rafn Hlíðdal. Til gamans má geta að Erlín Katla náði þriðja besta tíma frá upphafi í hreystigreip er hún hékk í 8;52 mínútur.

Við óskum þeim öllum innilega til hamingju með frábæran árangur.

Flóahlaupið 11. júní

Ákveðið hefur verið að halda Flóahlaupið nú í júní, en venju samkvæmt hefði það átt að vera hlaupið fyrstu helgina í apríl. Það mun sem sagt fara fram við Félagslund fimmtudagskvöldið 11. júní nk. Upphafismaður hlaupsins, sem haldið hefur verið árlega síðan 1979, er Markús Ívarsson í Vorsabæjarhól og hefur hann ennþá veg og vanda af framkvæmd þess.

Hlaupið verður af stað frá Félagslundi kl 19:30. Keppt verður í 3 km hlaupi 14 ára og yngri, og 5 km og 10 km hlaupi í aldursflokkum. 3 og 5 km hlaupin fara fram á malbiki á Gaulverjabæjarvegi, en í 10 km hlaupinu er hlaupinn Vorsabæjarhringurinn, þar sem hluti brautarinnar er malarvegur.

Hingað til hefur veglegt kaffihlaðborð verið innifalið í þátttökugjaldi, en að þessu sinni er stefnt að því að hafa veitingar einfaldari vegna sóttvarna, og ef veður leyfir verður kaffið og verðlaunaafhendingin úti undir berum himni til að forðast þrengsli.

Forskráning í hlaupið fer fram á hlauf.is en einnig er hægt að skrá sig á staðnum gegn hærra gjaldi.

Félagsmenn í Umf. Þjótanda fá þátttökugjaldið frítt, og eru sem flestir á félagssvæðinu hvattir til að taka þátt. Best er þá að skrá sig á staðnum. Ef eitthvað gott fólk er tilbúið að aðstoða okkur með bakstur má hafa samband við Fanneyju á Hurðarbaki eða Bryndísi Evu í Dalbæ sem fyrst.



Dagskrá mánaðarins

Aðalfundur Búnaðarfélags Hraungerðishrepps	8. júní
Leikjanámskeið hefst	8. júní
Vormót HSK	9. júní
Íþróttæfing	10. júní
Leikjakvöld	11. júní
Íbúafundur í Þingborg	11. júní
Vorfundur kvenfélags Villingaholtshrepps	11. júní
Flóahlaupið	11. júní
Héraðsleikar og aldursflokkamót	14. júní
Hreinsunardagur í Einbúa	15. júní
Þjóðhátíðardagurinn í Einbúa	17. júní
Leikjakvöld	18. júní
Boltanámskeið hefst	22. júní
Íþróttæfing	24. júní
Leikjakvöld	25. júní